

38
20. júní

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

12 gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.

39
20. júní

LÖG

um

**breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57,
frá 22. nóv. 1907, um vegi.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Viðhaldskostnaður flutningabrautanna frá Reykjavík að Þjórsárbrú og frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr ríkissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.